

Fundur stjórnar KRAFT með formönnum félaga var haldinn 26.mái 2018 kl. 11.00 í húsnæði ÍSÍ, Engjavegi 4, Rvk

Mætt voru frá stjórn: Hulda Elsa, Erla Kristín, Aron og Gry. Formenn/fulltrúar eftirtalinna félaga tóku þátt í fundinum: Stjarnan – Aron Friðrik, KFA – Grétar Skúli, Massi - Ellert, Breiðablik - Halldór, KDH - Þorbergur, KDK - Aðalsteinn, UMFAustra - Ægir, Gróttu – Ingimundur, KFR - Ari og Ármann - Júlían. Viðar Bjarnason, íþróttastjóri, sat fundinn.

- 1) Fundarsetning - Hulda setti fundinn og bauð menn velkomna, sérstaklega þá sem komu langt að. Þorbergur tók orðið og gerði athugasemd við fundarboð og sagði að fundurinn væri á erfiðum tíma fyrir þá sem koma að norðan, hefði ekki átt að byrja fyrr en í fyrsta lagi kl. 14.00

Hulda sagði fundurinn löglega boðaður með mánaðar fyrirvara og sagði að stjórn myndi taka ábendingum um tímasetningu til greina í framhaldinu.

- 2) Kosning fundarstjóra og fundarritara – Huldu var falin fundarstjórn og hún bað Gry um að rita fundargerð.
- 3) Landsliðslágmörk.

Nefnd skipuð af Kraftlyftingaþingi 2018 hefur skilað af sér tillögum um ný lágmark til landsliðsþátttöku og þakkaði Hulda Elsa þeim fyrir. Grétar Skúli gerði grein fyrir tillögunum og urðu fjörugar umræður um þær. Stjórnin mun fjalla um tillögurnar á næsta fundi sínum og birta ákvörðun sem fyrst.

- 4) Viðar Bjarnason, nýráðinn íþróttastjóri, fékk orðið og reifaði nokkur mál

- hvað er hægt að gera til að auðvelda mótshöldurum mótahaldið?

Í umræðunni kom fram hugmynd um að sambandið sjái alfarið um að skaffa dómara á mót og leggi til ritara/tölvuvinnslu á öllum meistarmótum. Líka var ítrekað það sem oft hefur komið fram á fundum að samstarf félaga um mótahald getur verið æskilegt.

- er hægt að efla liðsanda og samheldni í landsliðshópnum?

fjörugar umræður urðu um málið og reynslusögur sagðar. Fram kom sú skoðun að mikilvægast er að efla samkennd í yngri aldurhópum, t.d. í undirbúningi fyrir NM í september nk, jafnvel að hvetja/styrkja keppendur til að vera á mótstað erlendis að loknu eigin keppni til að hvetja aðra og sjá og læra sjálf.

- hvernig höldum við áfram varðandi þjálfaramenntun?

Töluverðar umræður urðu um þetta mál og var starfsmanni KRA og íþróttastjóra falið að gera tillögu að dagskrá fyrir sérgreinahluta 1 og 2 svo hægt verði að bjóða upp á þá sem fyrst. Horfa skal til námskeiða ÍSÍ og IPF.

5) Aðstöðumál.

Grétar Skúli lagði fram handbók þar sem lýst er þeirri aðstöðu sem nauðsynleg er til íðkunnar kraftlyftinga að hans mati, en aðstaða félaga er víða ábótavant. Fundurinn beindi til stjórnar að útfæra nánari reglur um nauðsynlegan aðbúnað og setja í reglugerð og afreksstefnu. Skýrar kröfur sambandsins um aðstöðu munu styrkja félögum í þeirra samskiptum við sveitarfélög vegna styrkja til starfsins.

Hulda sagði að stjórnin ætlaði að skoða reglugerð um þjóðarleikvang og kanna hvernig umsoknarferlið er. Hún sagði að stjórn myndi fara yfir handbókina og athuga hvernig mætti koma þessu í framkvæmd á þann hátt að það gagnist félögum sem best.

6) Mótamál.

- Gry benti á að skráning sé dræm á ÍM í aldurstengdum flokkum í búnaði og lýsti eftir skoðun manna á því hvort það ætti færa þessi mót aftur saman við opnu mótin. Í umræðunni kom fram sú skoðun að lítil mót væru ekki verri. Reynandi væri að halda frekar ÍM í kraftlyftingum í opnum flokki+aldurstengdum flokki sömu helgi og svo aftur ÍM í bekkpressu í opnum flokki+aldurstengdum flokk sömu helgi. Aron lýsti þeirri skoðun sinni að halda ætti ÍM í bekkpressu í búnaði og án sömu helgi.

- Til stendur að halda kraftlyftingakeppni á landsmóti UMFI á Sauðárkróki í júlí, sama helgin sem ÍM í réttstöðulyftu er sett. KFA er framkvæmdaraðili á landsmótinu en Stjarnan mótshaldari á ÍM. Þeir óska eftir því að ÍM verði fært inn á landsmótið.

Til þess að það megi verða þarf stjórn að samþykkja mótið á Sauðárkróki og mótanefnd að samþykkja færslu á ÍM og verður það skoðað.

7) Þorbergur kvaddi sér hljóðs og spurði hvort stjórnin ætlaði að fella niður sektina sem dæmd hafði verið á KDHI af aganefndinni. Hann fór jafnframt fram á afsökunarbeiðni stjórnar fyrir ósanngjama hörku gagnvart sér og félaginu.

Hulda tók undir með honum í að ymislegt í málsmeðferðinni hefði verið ábótavant. Í ljósi þessarrar reynslu verða reglur um aganefnd endurskoðaðar, en erfitt er fyrir stjórn að biðjast afsökunnar f.h. aganefndar sem farið hefur eftir reglum. Vilji er hins vegar innan stjórnar að finna sátt í þessu máli og verður það tekið fyrir á næsta stjórnarfundum.

8) Ellert kvaddi sér hljóðs og sagði að ljóst væri af umræðunum á fundinum að hagsmunir félaga væru þær sömu og þó skoðanir væru skiptar um margt væru markmiðin sameiginleg. Þess vegna væri mikilvægt að hafa samskipti á uppbyggilegum og kurteislegum nótum og ekki búa til leiðindi. Hann nefndi bréfasendingar vegna fundarboða sem dæmi.

9) Fundarslit.

Hulda tók til máls og þakkaði fyrir fjörugar umræður og góðan fund. Hún tók undir með Ellerti varðandi samskiptamáta og sagði að sambandið væri sterkara ef okkur tækist að standa saman, en allur ófriður skaðar sambandið bæði inná við og útávið.

Þorbergur sagðist ætla að halda stríði áfram þar til afsökunarbeiðni kæmi frá stjórninni vegna úrskurðar aganefndar., en Hulda lofaði honum að mál KDHI yrði rætt á næsta stjórnarfundum og vonandi fengist niðurstöðu svo hægt yrði að leiða því til lykta.

Hún sleit síðan fundi kl. 13.00

Fundarritari: Gry Ek